

Sinfóníuhljómsveit áhugamanna:
Tónleikar í Seltjarnarneskirkju

laugardaginn 16. október 2021 klukkan 16

Stjórnandi: Oliver Kentish

Efnisskrá:

Peter Machajdík (f. 1961): *Wie der Wind in den Dünen*, f. strengjasveit.
(Frumflutningur á Íslandi)

Franz Joseph Haydn (1732-1809): Sinfónía númer 75 í D-dúr
Grave – Presto
Poco Adagio
Allegretto
Vivace

—

Peter Machajdík (f. 1961) er af slóvakísku bergi brotinn, fæddur í Bratislava. Hann hefur samið mikinn fjölda tónverka af ýmsum tegundum: sinfónísk verk, kammertónlist, kór- og raftónlist. Tónlist hans hefur verið flutt víða um heim og hefur verið á efnisskrá þekktra hljómsveita. Hann hefur hlotið margháttaðar viðurkenningar fyrir tónsmíðar sínar og telst meðal helstu núlifandi tónskálda Evrópu. *Wie der Wind in den Dünen* (Eins og vindurinn í sandöldunum) fyrir strengjasveit var samið árið 2010 undir áhrifum frá samnefndu ljóði eftir ísraelska ljóðskáldið Tuvia Rübner. Verkið var frumflutt árið 2012 af slóvakískri kammerhljómsveit undir stjórn Ewald Danel. Það hefur ekki áður verið flutt á Íslandi.

Wie der Wind in den Dünen
schreib dich ein und
verwisch die Spuren: du wirst
gewesen
sein

Eins og vindurinn í sandöldunum
skráðu þig og
máðu sporin: þú munt
hafa verið
vera

Franz Joseph Haydn (1732-1809). Enn á ný sækjum við viðfangsefni til klassíska tímabilsins í Vínarborg. Og enn vekur furðu hin gríðarlega gróska sem var í tónlistarlífi Vínar á þessu tímabili. Sem dæmi má nefna að þarna störfuðu samtímis á seinasta fjórðungi átjándu aldar Haydn, Mozart og Beethoven en einnig margir aðrir nafntogaðir tónlistarmenn. Það er vandfundinn staður eða tímabil sem lagt hefur jafnmikið til menningararfsins sem við njótum enn í dag. Við förum í smiðju „föður sinfóníunnar“, Josephs Haydns og leikum Sinfóníu hans númer 75. Alls samdi hann 104 slíkar, svo föðurnafnið er ekki út í bláinn. Þessi sinfónía er samin í kringum 1780. Haydn var þá enn í þjónustu Esterházy-fjölskyldunnar, sem hann þjónaði drjúgan hluta ævinnar, og dvaldi á setri hennar utan borgarglaumsins. Það taldi hann sjálfur vera gæfu sína því þá neyddist hann til að vera frumlegur í tónlist sinni.

Um Sinfóníu númer 75 gengur eftirfarandi saga sem fengin er beint úr minnisbók tónskáldsins sjálfs. Á tónleikum 26. mars 1792 var enskur prestur sem fékk þunglyndiskast eftir að hafa hlustað á hæga kaflann. Ástæðan var sú að hann hafði dreymt nóttina á undan að

Þetta verk boðaði andlát hans. Hann yfirgaf samkvæmið þegar í stað, fór heim í rúmið og lagði sig. Skömmu síðar lést hann. Sérstaklega er tekið fram í minnisbókinni að þetta hafi verið mótmælendaprestur. Ekki fer fleiri sögum af því að þessi kafli hafi leitt til andláta og flytjum við hann því ótrauð.

Að þessu sinni er Sinfóníuhljómsveit áhugamanna þannig skipuð:
Konsertmeistari: Hlíf Sigurjónsdóttir

1. fiðla

Hlíf Sigurjónsdóttir
Elísabet Vala Guðmundsdóttir
Jónína Þ. Thorarensen
Ásta Raket Viðarsdóttir
Jelena Kuzminova

2. fiðla

Hildigunnur Rúnarsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Hólmfríður Þorvaldsdóttir
Helga Andrésdóttir
Hekla Arnardóttir

Víóla

Páll Ingvarsson
Sigita Siciuniene
Edda Rún Ólafsdóttir

Selló

Páll Einarsson
Valdís G. Gregory
Anna Jórunn Stefánsdóttir

Kontrabassi

Dean Ferrell
Kjartan Guðnason

Flauta

Bolli Þórsson

Óbó

Sverrir Guðmundsson
Andreas Guðmundsson

Fagott

Emilía Rán Benediktsdóttir

Horn

Torfi Þór Gunnarsson
Þorkell Jónsson

Hljómsveitin þakkar Seltjarnarneskirkju ómetanlegan stuðning. Hljómsveitin nýtur styrks Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkur 2020-2021.

Aðgangur er ókeypis en gestum okkar er heimilt að styrkja starfsemina með framlögum inn á reikning hljómsveitarinnar: Kennitala 470497-2469. Bankareikningur 0137 05 18182.

Tónleikagestir eru minntir á sóttvarnir.

1. Sætaskipan er frjálst en æskilegt er að fólk sitji eins dreift í kirkjunni og unnt er.
2. Gestir beri helst grímur og minnt er á sprittflöskur í anddyrinu.
3. Skráning fer fram eftir að fólk er sest og áður en tónleikarnir hefjast. Skrifðu fullt nafn, kennitölu og símanúmer.